## 3. dagur

Hornvíkurhringurinn tekinn.

Gengið frá tjaldbúðum og á Hornbjarg. Þaðan á Miðfell með Jörundi og á Kálfatind alls ca 16 km. Hér er einungis gengið með dagpoka þannig að þetta ætti ekki að vera of erfitt.



Dansað á Horni 2004

## 4. dagur

Stuttar göngur frá Höfn - inn að Rekavík eða hvert sem fólk vill. Verðum sótt á hádegi og siglum til baka á Norðurfjörð.



Jörundur og Kálfatindur

Báturinn fer frá Norðurfirði og ef við verðum 12 eða fleiri, þá förum við ekki með áætlunarbát heldur pöntum við sérferð

Það þarf að bera búnað í tvo daga, en á öðrum degi þegar komið er að Höfn í Hornvik bíða okkur vistir.

Ýmsar upplýsingar er að finna á blog.filipus.is, en þar verða settar inn myndir og fleira skemmtilegt. Hægt er að senda fyrirspurnir á þetta blog eða zbasta@simnet.is

Fararstjóri er að vanda Góða Skapið

Munið bara að á Hornströndum eru engin fjöll bara hálsar og hólar.



Filippus sjálfur

Ferðafélagið FILIPPUS

# Kynnir:

# Bolungarvík - Hornvík

# 24.-27. júlí 2008



Frá Bolungarvík

## 1. dagur

Siglt frá Norðurfirði til Bolungarvíkur þaðan sem gengið verður yfir Skarðsfjall í Barðsvík og yfir í Smiðjuvík.

Þetta er tiltölulega stutt ganga eða ca 10 km enda er ágætt að taka smá upphitun fyrir næstu daga.



Frá Smiðjuvík

## 2. dagur

Gengið frá Smiðjuvík fyrir Rauðaborg og ofaní Drífandisdal. Þaðan er gengið yfir Axlarfjall, gegnum Kýrskarð og niður í Höfn í Hornvík. Þar bíða okkar vistir fyrir næstu daga, grillveisla ofl. U.þ.b. 15 km.

Við gistum í Hornvík í tvær nætur.

